

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Meiri-Tunga 4, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 12. febrúar 2025, tillögu að deiliskipulagi fyrir Meiri-Tungu 4. Ráðgert er að byggt verði einbýlishús með fasta búsetu í huga. Samhliða skipulagi verður lóðinni skipt úr landi Meiri-Tungu 4 og er gert ráð fyrir að heiti lóðarinnar verði Meiri-Tunga 8. Aðkoman er af Ásvegi nr. 275 um heimreið að Meiri-Tungu 4. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hái-Rimi 5, 6 og 7, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 12. febrúar 2025, tillögu að deiliskipulagi fyrir Háa-Rima 5, 6 og 7. Ráðgert er að byggja sumarhús og tengd mannvirki á hverri lóð. Aðkoman er af Þykkvabæjarvegi um svokallaða Astarbraut. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 25. febrúar 2025.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. mars 2025